Zukofsky og Sinfónían



Zukofsky á æfingu með Sinfóníuhljómsveitinni. Tímamynd GE.

TÓNLIST
Sigurður Steinþórsson


Ef einhver heldur að það sé nóg að velja réttan hraða, hafa greinilegt „slag", og „gefa innkomur" til að vera góður stjórnandi, þá hefur sá hinn sami rangt fyrir sér. Það sést greinilegast, þegar Paul Zukofsky stjórnar Sinfóníuhljómsveit Íslands því þá lyftist hljómsveitin um marga gæðaflokka. Þótt þess séu að vísu dæmi, að menn hafi stjórnað hljómsveitinni, sem kunna ekkert af ofanskráðu, þá telst það til undantekninga, og flestir stjórnendur hennar „kunna sitt fag" sem kallað er. En stundum detta tónleikar steindauðir niður — það vantar sálina í tónlistina.

Á tónleikunum 22. janúar stjórnaði Paul Zukofsky frá Bandaríkjunum, en Lawrence nokkur Wheeler, sem er sagður hálf-íslenskur í efnisskránni, lék á lágfiðlu í sinfóníu Hectors Berlioz, „Harold á Ítalíu" óp. 16. Eftir hlé var svo flutt „Vorsinfónía" Schumanns, nr. 1 í B-dúr. Efnisskráin hefur það eftir Berlioz, að fiðlarinn Paganini hafi beðið sig að semja hljómsveitarverk með einleikshlutverki fyrir lágfiðlu, en litist síðan illa á það — það væru of margar þagnir í því. Svo úr varð „prógramm-músík" um kvæði Byrons „Childe Harold", og skiptist í fjóra kafla Harold á fjöllum Pílagrímagangan Mansöngur fjallabúa, og Nætursvall stigamanna. Lágfiðlan táknar Harold í sinfóníunni, sem mun raunar vera talin slöppust af fjórum sinfóníum skáldsins, en hin þekktasta þeirra er að sjálfsögðu hin fyrsta, Symphonie fantastique. Það er með þessa „prógramm-músík" eins og aðra, að menn geta séð í henni það sem þeir vilja: Skáldið taldi t.d. sjálft, að síðasti kaflinn, Nætursvall stigamanna lýsti með skýrum hætti „hroðalegu svalli, þar sem vín, blóð, fögnuður, bræði, kæmu saman í æði — málmblásturshljóðfærin virðast æla bölvi og ragni, og svara bænum með guðlasti — stigamennirnir hlæja, drekka, berjast, brjóta og bramla, ganga af göflunum". Þessi smáatriði sjá þeir einir fyrir sér, sem hafa ævisögu Berlioz við hendina — hinir heyra bara fjörugan lokakafla. En þetta var semsagt skemmtilegt á að hlýða, og lágfiðlarinn landi vor eyrnayndi.


Síðara verkið á tónleikunum var Vorsinfónía Roberts Schumanns, sem samin var 1841, og frumflutt í Leipzig sama ár undir stjórn Mendelssohns. Fræðibækur segja — að Clara og Robert Schumann hafi haldið dagbók til skiptis meðan þau bjuggu í Leipzig, en um miðjan janúar 1841, þegar Róbert átti að skrifa dagbókina í eina viku, hélt Clara áfram frá fyrri viku: „Ég á í rauninni ekki að halda dagbókina þessa vikuna, en þegar eiginmaður manns er að semja sinfóníu getur maður ekki krafist þess af honum að hann fáist við annað um leið. Sinfónían er næstum tilbúin, og þótt ég hafi ekki heyrt neitt af henni ennþá, er ég ógurlega hamingjusöm yfir því að Róbert sé loksins búinn að finna form við hæfi fyrir sitt mikla hugmyndaflug". Innblástur sinn sótti hann, að eigin sögn, í kvæði um vorið eftir Adolf Battger. Sinfónían hefst með miklum trompetblæstri, sem á að tákna komu vorsins. Upprunalega var þessi blástur skrifaður fyrir horn, en á fyrstu æfingunni tókst ekki betur til en svo hjá hornunum, að í stað þess að „vekja jörðina úr dvala vetrarins", vakti hornablásturinn skellihlátur. Svo Schumann tók þá skynsamlegu stefnu að breyta um hljóðfæraskipan.

Það mun vera venja, sem tónskráin hrekur með sterkri röksemdafærslu, að telja Schumann daufan sinfónista, en mikinn smálaga mann og pianista. Þetta hlýtur þó að teljast ómaklegt í meira lagi, því Zukofsky og Sinfóníuhljómsveit Íslands tóku með skýrum hætti undir með höfundi skrárinnar: Þetta var stórskemmtilegur flutningur, og engum vorkunn að hlýða á Vorsinfóníuna sem hreina og beina sinfóníska tónlist, án allra hugleiðinga um vorið eða kvæði Böttgers.

25.1. Sigurður Steinþórsson



Verk eftir Sigurð Örlygsson á sýningunni Vetrarmynd. (Tímamynd GE)



Fjórar af myndum Hrings Jóhannessonar á sýningunni. (Tímamynd GE)

Samspil á Kjarvalsstöðum

Vetrarmynd

Einhver sagði mér að þeir sem nú stæðu að sýningunni Vetrarmynd, væru ellefu talsins, eða jafn margir og í knattspyrnuliði, og einhvern veginn stóð þessi líking í huga mér, að margt gæti nú verið líkt með samsýningu og flokki knattspyrnumanna, sumir eru í vörn, aðrir í sókn, sótt er fram á köntunum og svo brenna menn af, jafnvel úr góðum tækifærum.

Annars hefur sýningarhópur þessi lítt haft fyrir því að kynna sig með öðru en þeim myndum er þeir sýna, og svo bjóða þeir stundum með gestum, til þess að auka fjölbreytnina.

Almennt séð eru þetta virkir myndlistarmenn og hafa sett svip sinn á myndlistina í landinu, mismikið að vísu, en nóg um það.

Þeir sem nú sýna, taldir í stafrófsröð, eru:
Baltasar,
Bragi Hannesson,
Einar Þorláksson,
Haukur Dór Sturluson,
Hringur Jóhannesson,
Leifur Breiðfjörð,
Magnús Tómasson,
Níels Hafstein,
Sigríður Jóhannsdóttir,
Sigurður Örlygsson og
Þór Vigfússon.

Þau Sigríður og Leifur Breiðfjörð hafa unnið að myndum sínum saman, en þau sýna vefnað úr litaðri ull.

Það má segja að þarna sé spannað fremur vítt svið. Olíumálverk, teikningar, grímur, og alls konar blönduð tækni, vefnaður og þrykk. Meira að segja rafbúnaður, eða raflýst verk.

Á þann máta er sýningin fjölbreytt, en ef menn eru bornir saman við sjálfa sig, hefur lítið miðað, því þegar menn hafa náð vissum árangri í myndlist, minnkar hið sýnilega framdrif ávallt nokkuð. Sú regla er nær algild. Menn eru á verði fyrir stökkbreytingum, eiga stílvopn sitt að verja, sitt eigið sjálf, og þótt menn séu ekki allir stefnumótandi listamenn, þá hafa myndir þeirra eigin fingraför og ýmis persónuleg einkenni, sem flestir reyna að halda í.

Ef sýningunni er gefin einkunn í heild sinni, þá getur hún ekki talist vera sérlega spennandi vetrarmynd, svona í byrjun vertíðar, þótt innanum og samanvið séu áhugaverðir hlutir.



Sjö af ellefu listamönnum, sem nú sýna á Kjarvalsstöðum. Talið f.v.: Leifur Breiðfjörð, Einar Þorláksson, Sigríður Jóhannsdóttir, Baltasar, Hringur Jóhannesson, Magnús Tómasson og Sigurður Örlygsson. (Tímamynd GE)

Einstakar myndir, einstakir listamenn

Ég held að Hringur Jóhannesson sé með flest verk á sýningunni, sjö nokkuð stórar olíumyndir og um 20 litkrítarmyndir, en þær síðarnefndu sýnir hann undir samheitunum „Á leið norður" og „Sumarið 1980".

Þetta munu vera skissur eða frumdrög, er listamaðurinn notar sér síðar sem myndefni í áhúðarfyllri verk. Hringur er ekki einn um það, að nota þessa aðferð, og þótt oft verði til góðar myndir á svona ögurstundum hjá öðrum málurum, þær haldi vissu lífi, kviknar það aldrei meir í yfirfærslum, því hjartaflutningar eru örðugir í myndlistinni, ekki síður en í læknisfræðinni.

Okkur verður því meira starsýnt á stórar, vel unnar myndir, því okkur er ljóst, að Hringur er þeirrar gerðar, sem listamaður, að yfirlegan hentar honum betur en knappur tími.

Hann er á sömu leið og áður í verkum sínum, og virðist stefna tæknilega í átt til súrrealistanna, þeirra er best kunnu til verka, enda þótt aðrar heimspekilegar forsendur séu í verkum Hrings en þeirra.

Ég held að myndin „Grónar götur" hafi fallið mér best í geð.

Sigríður Jóhannsdóttir og **Leifur Breiðfjörð** sýna ullarvoðir. Mér skilst að samvinna þeirra sé á þann veg að fyrst er hugsað og teiknað og formin fundin, og þá liturinn og síðan er ofið. Þetta eru fremur lítil verk um sig, og litavalið er umdeilanlegt, en þetta setur þó vissan svip á sýninguna.

Baltasar er með 12 myndir, blandaða tækni. Verk sem bera með sér hraða og mikla tækni. Einhver innri tengsl eru milli þessara verka, sem einhverra hluta vegna minna meira á tilraunir en endanlega sköpun.

Jónas Guðmundsson
MYNDLIST

Bragi Hannesson nær nú mun betri árangri í olíumálverkinu en áður og liturinn er fyllri.

Segja má að **Einar Þorláksson** komi manni hvað mest á óvart, sérlega í minni myndum, en hann er með átta verk á þessari sýningu. Hér kveður við nýjan tón.

Haukur Dór er með tvær dökkar teikningar og tvær leirgrímur, en föng hans á þessa sýningu eru of smá að vöxtum til þess að unnt sé að fara mörgum orðum um hann núna.

Magnús Tómasson er með sérkennileg verk, eins konar sviðsmyndir, sem þó er örðugt að átta sig á, eða skilgreina. Það er nefnilega örðugra að meta vinnu hans, en hina „venjulegu" myndlistarvinnu og sama má raunar segja um **Níels Hafstein**, en báðir setja þó svip á umhverfið.

Sigurður Örlygsson er á svipaðri leið og áður. Hann hefur nú fundið leið úr upplimingum sínum eða collage, sem sé að mála föng sín meira. Einkum vöktu minni myndir áhuga minn, sér í lagi mynd er hékk vestast á norðurvegg salarins.

Já og svo er það rafmagnsmaður þessarar sýningar **Þór Vigfússon**. Hann er nýstárlegur og mynd með eina flúrperu yfir sig miðja var skemmtileg, en ef til vill þurfa svona myndir að vera á sérstökum stöðum. Þór er ungur maður (f. 1954) og hefur því nógan tíma til að lýsa upp heiminn.

Um forsendur listsýninga

Talsvert hefur verið ritað, eða haft eftir þeim er að þessari sýningu standa, því mikið hefur verið um hana fjallað.

Einn aðstandenda sýningarinnar gat þess að þetta væri auðveldari leið og fyrirhafnarminni til þess að kynna verk sín, en með einkasýningum, sem þyrftu annan og meiri undirbúning.

Menn losna við þann mikla kostnað er fylgir stórum sýningum og ámstrið dreifist á fleiri en einn og fleiri en tvo.

Ég hygg að þetta sé mjög góð ábending til listamanna, að nota sér samsýningaformið meira en gjört hefur verið. Menn þurfa ekki að blanda listrænum stefnumiðum sínum í það spil.

Við höfum nokkra slíka hópa, misfrjálsa þó, t.d. Septem hóp inn, og grafíkerar hafa unnið dálítið saman, en ég held að myndlistarmenn ættu að hugsa meira um slíka samvinnu, því þarna er hentug leið til að koma verkum á framfæri við almenning, án þess að agnúar stórra einkasýninga fylgi.

Ég lít því á þessa sýningu sem nýja (og gamla) tilraun til almenningstengsla, fremur en sem stefnumarkandi listviðburð.

Auðvitað sýna fæstir myndir, aðeins til þess að sýna, sýningar eru þó listamönnum viss nauðsyn. Þeir geta kannað styrk sinn, viðhorf annarra til þess sem verið er að gjöra, og séð samspil mynda og metið þannig árangur sinn á nýjan, eða annan hátt en fæst með því að skoða verk með því að taka eitt og eitt úr bunka og virða það fyrir sér.

Jónas Guðmundsson